



Fjarðabyggð

# Vorhreinsun í Fjarðabyggð

dagana 11.-24. maí 2026

Fjarðabyggð boðar til árlegrar vorhreinsunar dagana 11.-24. maí 2026. Bæjarstarfsfólk munu sjá um að hirða allan garðaúrgang sem safnast hefur saman í lok ruslatínslu. Við hvetjum alla íbúa, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir til að taka þátt í þessu samfélagsverkefni og leggja sitt af mörkum. Gerum okkur glaðan dag og tökum höndum saman að fegra nærumhverfið. Við hvetjum til almenns viðburðarhalds eins og t.d. hverfagrill eða skemmtilegra viðburða í lok hreinsunnar.

Hægt verður að nálgast poka í þjónustumiðstöðvum Fjarðabyggðar.



## Garðaúrgangur – Við sækjum heim

Íbúum er boðið upp á gjaldfrjálsa aðstoð við losun á garðaúrgangi á meðan á verkefninu stendur. Hægt verður að skilja eftir garðaúrgang við lóðamörk. Dagana 11.–24. maí munu bæjarstarfsfólk vera á ferðinni og hirða úrganginn. Mikilvægt er að annað rusl eins og brotajárn, plast, timbur, húsgögn og heimilissorp sé ekki blandað með.

## Er garðurinn þinn í órækt?

Mosinn þrífst í grasflötum sem eru haldin er næringarskorti. Til að styrkja grasið má nota tilbúinn áburð, mælt er með að nýta t.d. búfjáráburð eða moltu til að tryggja besta árangur. Hafa má samband við garðyrkjustjóra Fjarðabyggðar um hvernig nálgast má moltu á móttökustöðvum Fjarðabyggðar.

## Móttökustöðvar fyrir heimili og íbúa í tilefni vorhreinsunnar

Dagana 20. – 24. maí verða móttökustöðvar opnar samkvæmt áætlun en laugardaginn 23. maí munu allar móttökustöðvar Fjarðabyggðar verða opnar frá kl. 13:00 – 17:00. Móttökustöðvar Fjarðabyggðar verða opnar samkvæmt hefðbundnum opnunartíma á meðan á vorhreinsun stendur.

## Staðsetningar fyrir móttöku garðefna

Íbúar eru hvattir til að ganga vel um á svæðunum og setja garðuúrganginn í þar til gerð ílát eða svæði. Mikilvægt er að virða flokkunarreglur sem eru á móttökustöðvunum. Gras í plastpokum á ekki að setja í grassöfnun. Tré og afklippur af runnum eiga ávallt að vera sett sér og mega EKKI fara saman við gras.

Mold og annað afgangsefni skal setja í þar til gerða hauga. Söfnunarstaðirnir eru á móttökustöðvum Fjarðabyggðar.

## Moltublönduð mold

Íbúum stendur til boða að nálgast moltublanaða mold á völdum stöðum í Fjarðabyggð

Norðfjörður	Við smábátahöfnina
Eskifjörður	Innan við mön Langadals
Reyðarfjörður	Austan megin við Ilmbjörkina garðyrkjustöð
Fáskrúðsfjörður	Innan við Nes
Stöðvarfjörður	Malarplan fyrir neðan áhaldahús
Breiðdalsvík	Selnes ofan við höfnina

## Móttökustöðvar

Norðfjörður	Uppá Haugasvæði fyrir ofan hesthús
Eskifjörður	Innan við mön Langadals
Reyðarfjörður	Hjallanes
Fáskrúðsfjörður	Innan við Nes
Stöðvarfjörður	Innan við móttökustöðina
Breiðdalsvík	Við gámaplanið

Íbúar eru beðnir um að ganga snyrtilega um svæðin og taka aðeins það magn sem nýttist til heimilisnota.

## Látum gott af okkur leiða

Vertu með í því að koma Fjarðabyggð í sumarbúninginn. Leggjum saman hönd á plóg og skiljum eftir umhverfi sem við getum öll verið stolt af. Með sameiginlegu átaki getum við gert kraftaverk. Þín þátttaka skiptir máli – Látum gott af okkur leiða í vorhreinsun Fjarðabyggðar 2026.

<b>Móttökustöðvar</b>	Móttökustöðvar Fjarðabyggðar verða opnar samkvæmt hefðbundnum opnunartíma á meðan á vorhreinsun stendur. Aukaopnun verður laugardaginn 23. maí á öllum móttökustöðvum Fjarðabyggðar frá kl. 13:00–17:00.
<b>Pokar</b>	Hægt er að nálgast poka í þjónustumiðstöðvum.
<b>Þlokk og losun úrgangs</b>	Starfsfólk Fjarðabyggðar hirða poka af safngötum 20.–24. maí.
<b>Molta</b>	Í ár verður ekki keyrð út molta, heldur verður íbúum boðið að nálgast moltublandaða mold á völdum stöðum í Fjarðabyggð.

Nánari upplýsingar undir Vor í Fjarðabyggð á [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is)

